

**Sp.**

**542. Tillaga til þingsályktunar**

**[187. mál]**

um þjóðvörð.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um sjólögreglu og þjóðvörð.

**Greinargerð.**

Síðan tillaga um 3000 manna ólaunað þjóðvarðarlið kom fram á Alþingi hafa Danir og Norðmenn komið á fót löggæzluliði sama eðlis, 130—140 þús. manns í hvoru landinu. Þykir þessum frændþjóðum sjálfsagt, eins og heimsmálunum er nú háttað, að hafa þennan viðauka til eflingar hinnar venjulegu lögreglu í landinu. Hér á landi hafa þessi mál verið vanrækt, af því að öldum saman hefur þjóðin hlýtt lögum án

Þess, að um valdbeitingu væri að ræða. Meðan löghlýðni manna í landinu var svo mikil, að sveitabóndi, sem fann húsbóndalausan hest á förnum vegi með kistum fullum af enskum gullpeningum, lét það vera sitt fyrsta verk að leita að eigandanum til að selja í hans hendur hestinn og gullið, var lítil þörf fyrir gæzlulið til verndar lögum landsins. Önnur dæmi, jafnóvenjuleg í stærri löndum, herma frá því, þegar íslenzkir menn með hegningardóma komu einir og án gæzlu úr fjarlægum héruðum til að afplána hegningu sína í fangahúsinu í Reykjavík. Við breytta atvinnuhætti og lífskjör í landinu er aðstaða í þessu efni orðin ólík því, sem áður var. Nú verður ekki hjá því komizt að hafa í landinu löggæzlulið, sem getur haldið hinum öflugustu lögbrjótum í skefjum. Jafnvel í hinum friðsömu og allt of fábýggðu sveitum landsins er þörf aukinnar löggæzlu. Það er að kalla má segin saga, að um leið og akvegur er kominn að samkomuhúsi í einhverri sveit, byrjar aðkominn ölvaður óþjóðalýður að heimsækja gleðisamkomur fólksins í byggðinni. Reyna þessir óboðnu gestir jöfnun höndum að selja vín sér til tekjubóta og leggja samkomuna undir sig með ofsa og ofbeldi. Kemur oft til áfloga og barsniða, einkum um aðstöðu karlmanna til að fá dömuaðstöð við dansinn. Þarf ekki að hafa mörg orð um, hve fjandsamlegt það er allri þjóðmenningu að hafa slíkar samkomur sem helzta mannfagnað í sveitum landsins. Næst koma vinnudeilur, sem oft eru háðar utan við lög og rétt. Í Danmörku og Englandi hafa verklyðsleiðtogar eins og Stauning og Attlee hvað eftir annað beitt lögreglu og það jafnvel vopnaðri lögreglu til að verja þjóðina fyrir þjóðhættulegum árásum í sambandi við vinnudeilur. Stauning lét ekki verkföll ná svo langt, að með þeim mætti hindra útflutning þeirrar vöru, sem þjóðin lifði af. Attlee hefur hvað eftir annað látið hermenn flytja matvæli í borgarhluta í London, þar sem fólk náði ekki að kaupa lífsbjörg fyrir ófyrirleitnum verkfallsleiðtogum. Með þeim svip, sem nú er kominn á þjóðlífið fyrir atbeina byltingaflokks undir erlendri yfirstjórn, má búast við, að í æstum vinnudeilum hér á landi þurfi að hafa fjölmennt gæzlulið til að gæta vatns-, hita- og rafveitnanna í Reykjavík fyrir skemmdarverkastarfsemi. Þá er nú svo komið, að tilraunir hafa verið gerðar til að kúga borgarstjórnann í Reykjavík, ríkisstjórnina og Alþingi með skrifstofsóknnum til að breyta um stefnu í þjóðmálum. Má þakka heppilegri tilviljun fremur en forsjá lögbrjótanna, að ekki hafa hlötið mannvíg af þessum glepsamlegu tiltektum.

Með þátttöku í bandalagi Atlantshafsþjóðanna hafa Íslendingar tryggt sig gegn óvæntri innrás landræningja, en þar var mesta veila hins unga lýðveldis. Næst er að tryggja borgfriðinn í landinu sjálfa. Til þess þarf allt að þrjú þúsund manna öryggislögreglu eða þjóðvörð. Sá liðsaflí verður að vinna að mestu leyti eða öllu án launa, eins og almennt brunalið gerir nú í þéttbýli. Æfingar þessara manna væru í einu heilsusamleg áreynsla að mestu undir beru lofti og þegnskapur til að tryggja frelsi og menningu í landinu. Ríkið hefur um alllanga stund lagt mikla skatta á landsfólkið til að afla fjár, sem notað hefur verið til að byggja skóla, leikvelli, sundlaugar og íþróttahús handa æskumönnum landsins. Þessi aðstaða hefur verið notuð með kostgæfni af þúsundum ungmenna, og má á margan hátt sjá mikinn ávöxt og ánægjulegan af þessum framkvæmdum. Telja má fullvíst, að hinir ungu, þjóðlegu íþróttamenn landsins, bæði í bæ og byggð, muni taka vel, ef til máli koma frá þingi og stjórn um þegnskaparforð frá þeirra hálfu til að tryggja menningarlíf í landinu með löggæzlu, sem væri svo öflug, að forkólfar skrifmennskunnar sæju þann kost vænstan að sliðra sverð ofbeldisins og hlýða lögum landsins eins og annað íslenskt fólk.

Einn er sá þáttur íslenskra lögreglumála, sem mjög hefur verið vanræktur. Pálmi Loftsson forstjóri undirbjó fyrir nokkrum árum frv. um sjólögreglu. Vildi forstjórinn, að á varðskipum og gæzlubátum landsins væri vel undirbúið gæzlulið með ekki minni æfingu og starfskunnáttu en lögregla höfuðstaðarins. Var þetta fyrst og fremst sjálfsagt vegna landhelgisgæzlunnar. Er hin mesta fjarstaða að ráða undirmenn til löggæzlu á sjó með jafnlauslegum samningi eins og þegar starfslíð

er fengið til að grafa fyrir húsgrunni. En auk þess mátti sýnilega nota sjólögregluna sem foringjalið í fjölmönnum þjóðverði. Þegar þetta mál var borið fram í þinginu, lögðust tilteknir leiðtogar verkalyðsins fastlega móti þessari framkvæmd, af því að þeir voru á því þekkingarstigi að gera ráð fyrir, að verkamannastéttin hefði gott af því að geta beitt ofbeldi í máttlausu þjóðfélagi. Nú munu allir nema viðurkenndir ofbeldismenn hafa fallið frá þessari úreltu skoðun.

Nátengt þjóðverðinum er ástand hegningarmálanna. Í tvo mannsaldra hefur að kalla má ekkert verið gert til úrbóta í fangelsismálum nema stofnun vinnuhælisins á Litla-Hrauni. Þar var ekki aðeins aukið húsrúm vegna dæmdra manna, heldur gerð í framkvæmd sú höfuðbreyting að láta fangana vinna venjuleg framleiðslustörf, meðan þeir afplánuðu hegninguna. Vinna undir beru lofti eða í verkstæði að vetrinum hefur reynzt mikill betrunarþáttur í lífi fanganna. Má fullyrða, að sú tilbreytni átti vel við skapgerð Íslendinga, sem una illa innilokun og iðjuleysi. En nú er Litla-Hraun allt of lítið til að mæta þörfinni. Er hin mesta nauðsyn að stækka það og auk þess að reisa nýtt vinnufangelsi fyrir spillta unglingspíla. Væri Ólafsdalur tilvalið heimili fyrir slíka brotamenn. Er sýnilega fullkominn voði að hafa í Reykjavíkurbæ einum saman fjölmarga unglunga, sem stela margsinnis í hverri viku eða kasta stolnu dynamiti þar, sem umferðin er mest í bænum. Fráleit er sú hugsun að senda þessa spilltu unglunga þéttbýlisins á hin fámennu sveitaheimili til betrunar. Að vísu er þar oft um virkilega betrunaraðstöðu að ræða, en það er lítil kurteisni við sveitaheimilin, sem líða sára nauð sökum hins sjúka aðstreymsis til bæjanna, að senda þangað sem húshjálp spilltustu unglungana úr þéttbýlinu. Þó að það sé erfitt, verður að skapa nægilega góð og fullkomin vinnufangelsi til að ala upp og bæta alla þá unglunga úr þéttbýlinu, sem foreldrar og forráðamenn geta ekki haldið frá glæpastarfsemi. Nátengd þessu er hin ótrúlega vanræksla Reykjavíkurbæjar að hafa ekki fyrir löngu reist hér fangelsi til afnota við dagleg störf lögreglunnar í bænum.

Þjóðvörður Dana og Norðmanna er myndaður til að halda í skefjum fimmtu herdeild þeirra þjóða, hvort heldur sem kemur til uppreisnar á friðartímum eða fimmta herdeildin gerir það, sem hún hefur nú lofað opinberlega, að hjálpa bolsvikum, ef þeir gera vopnaða innrás í löndin. Eru Norðmenn langmínugir þess, hversu kvíslingar störfuðu eftir fyrirframgerðri áætlun með innrásarliði Hitlers. Fær þjóðvörður þessara landa þess vegna allmikla hernaðarlega þjálfun. Þess mundi ekki þurfa hér á landi. Sjólögregla og þjóðvörður eiga að hjálpa stjórn landsins og öðrum starfsmönnum ríkisvaldsins til að halda í heiðri íslenskum lögum í landhelginni og hvarvetna í landinu, þegar í ljós kæmi, að glæpsamlegt framferði fleiri eða færri af þegnum landsins stofnaði öryggi þjóðfélagsins í hættu. Í sveitunum ætti þjóðvarðardeild hvernar byggðar að venja skrílmenni, sem sækja samkomur í dreifbýlinu, af þess háttar heimsóknum. Ef gæzlumenn á þessum samkomum settu hina ölóðu friðarspilla í sterka ullarballa og legðu þá hlið við hlið hjá fundarhúsinu til svefns og náða meðan af þeim rennur berserksgangurinn, mundu allar óvæntar heimsóknir til slíkra staða leggjast niður. Lögbrot og upphlaup skríls, hvort heldur er í borg eða byggð, stafa ætíð af því, að mannfélagið hefur vanrækt varnir sínar, og er þar oftast um að kenna skorti á skapfestu og skörungsskap hjá þeim, sem hafa forstöðu um málefni almennings.

Árás kommúnista á þinghúsið 30. marz s. l. í því skyni að kúga alþingismenn frá að gera skyldu sína og fylgja sannfæringu sinni sýnir ótvírætt, að ekki verður hjá því komizt á næstu mánuðum að koma á fót nægilega öflugum ólaunuðum þjóðverði. Reynsla lögreglunnar í þeim viðskiptum sannar, að í stimpingum við íslenskan skríl á að nota til hins ýtrasta gas og vatn, en beita ekki bareflum eða vopnum nema líf liggja við. Í þessum átökum beið lögreglan lengur en vera þurfti með að beita gasinu, af því að öllum almenningi hættir til að mæla bót óeirðamönnum, þar til þeir hafa stórlega og sannanlega brotið af sér. En eftir framkomu bæjarskrílsins þennan dag er engin þörf að bíða, eins og þá var gert. Framvegis ætti t. d. á gamlaárskvöld í Reykjavík að sundra spellvirkjahópunum með tárageasi, um leið og þeir hefja ólæti. Erlendis er alsíða að beita brunaliðinu undir þeim kringumstæðum og hreinsa heilar götur af lögbrotalyð með öflugum vatnsskotum. Spellvirkjar eiga hvarvetna í landinu og hvenær sem er að falla óhelgir á verkum sínum. Þrjú þúsund manna launalaus þjóðvörður á að vera næsta öryggisframkvæmd Íslendinga eftir samþykkt Atlantshafssáttmálans.